

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns,
sbr. reglugerð nr. 553/2001.

1. gr.

2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

15.2 Við gerð starfsleyfis fyrir vatnsveitu eða við ákvörðun um framkvæmdir á vatnsverndarsvæði skal umsækjandi starfsleyfis leggja fram mat um hvort hættu sé á að vatnsbólið spillist vegna nálægrar starfsemi eða umferðar. Við matið skal, eftir því sem við á, taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, líklegum uppsprettum mengunar, mengunarálagi og mikilvægi vatnsbólsins.

2. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein 3. mgr. sem orðist svo:

15.3 Vanda skal frágang við borholustæði og fódra borholur starfsleyfisskyldra vatnsveitna tryggilega til þess að hindra að yfirborðsvatn mengi vatnsbólið.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 5. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.